

Stefnda Byggingarfélag verkamanna í Keflavík greiði stefnanda, dánarbúi Jóns H. Magnússonar, kr. 139.080.21 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. október 1964 til 31. desember s. á., 6% ársvöxtum frá þeim degi til 12. júní 1965 og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 30 þúsund í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 27. febrúar 1970.

Nr. 235/1969. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
 gegn

Guðmundi Holberg Þórðarsyni

(Ragnar Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fjársvik. Tékkamisferli.

Dómur Hæstaréttar.

Fyrir Hæstarétti hefur verið lögð yfirlýsing Samvinnubanka Íslands h/f um, að ávísanareikningi nr. 32263 og hlaupareikningi nr. 7595, sem fjallað er um í málinu, hafi verið lokað 13. maí 1968.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 20.000.00, og laun verjanda síns, kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði Guðmundur Holberg Þórðarson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 20.000.00, og laun verjanda síns,

Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00.
Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 11. júní 1969.

Ár 1969, miðvikudaginn 11. júní, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörns-syni sakadómarara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 237/1969: Ákærvaldið gegn Guðmundi Holberg Þórðarsyni, sem tekið var til dóms 6. þ. m.

Með ákæru, dags. 14. október 1968, var opinbert mál höfðað gegn Guðmundi Holberg Þórðarsyni sölumanni, Spítalastíg 5, fæddum 1. ágúst 1906 í Reykjavík, „fyrir tékkasvik við Ólaf Bergstein Þorvaldsson sælgætisgerðarmann, Spítalastíg 7 í Reykja-vík, í október og nóvember 1967 með því að gefa út Ólafi Bergsteini til handa eftirtalda tíu tékka, samtals að upphæð kr. 80.709.00, á ávísanareikning nr. 3943 í Útvegsbanka Íslands, en reikningur þessi var tæmdur að fullu 29. nóvember 1961, og nota tékkana sem greiðslu til Ólafs Bergsteins fyrir sælgætisvörur, vitandi, að eigi var innstæða fyrir þeim:

1. M. Nr. 2207, kr. 13.365.00, dagsettur 9. október 1967.
2. M. Nr. 2208, kr. 9.720.00, dagsettur 10. (sic).
3. M. Nr. 2209, kr. 7.175.00, dagsettur 12. október 196 (sic).
4. M. Nr. 2210, kr. 3.345.00, dagsettur 12. október 1967.
5. M. Nr. 2211, kr. 9.960.00, dagsettur 31. október 1967.
6. M. Nr. 2212, kr. 4.860.00, dagsettur 31. október 1967.
7. M. Nr. 2213, kr. 7.020.00, dagsettur 31. október 1967.
8. M. Nr. 2214, kr. 6.314.00, dagsettur 12. nóvember 1967.
9. M. Nr. 2216, kr. 5.045.00, dagsettur 14. nóvember 1967.
10. M. Nr. 2217, kr. 13.905.00, dagsettur 20. nóvember 1967.

Framangreindir verknaðir þykja varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 261. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, skaða-bótagreiðslu og greiðslu sakarkostnaðar“.

Með ákæru, dags. 31. marz s.l., var einnig höfðað opinbert mál gegn Guðmundi Holberg Þórðarsyni „fyrir tékkasvik og annað tékkamisferli, framið í Reykjavík á síðasta fjórðungi ársins 1968 og fyrsta fjórðungi ársins 1969, með því að gefa út eftirtalda tékka og nota þá í viðskiptum, svo sem rakið verður, án þess að innstæða væri fyrir þeim:

I.

Tékkar á ávísanareikning nr. 32263 í Samvinnubankanum, en reikningi þessum var lokað 14. maí 1968:

1. N. Nr. 55901, kr. 3.000.00, til Konráðs Jóhannessonar, dagsettur 15. nóvember 1968. Greiðsla fyrir vörur, en tékkinn dagsettur um tvo mánuði fram í tímann með vitund viðtakanda.

2. N. Nr. 55903, kr. 2.960.00, til Jóhanns Björnssonar, dagsettur 17. október 1968. Greiðsla fyrir sælgætisvörur og viðtakanda tjáð, að innstæða yrði næg daginn eftir útgáfudag.

3. N. Nr. 55904, kr. 450.00, til Iðunnar Apóteks, dagsettur 19. október 1968. Greiðsla fyrir lyf í Lyfjabúðinni Iðunni.

4. N. Nr. 55907, kr. 3.375.00, til Jóhanns Björnssonar, dagsettur 21. október 1968. Sama notkun og í lið 2.

5. N. Nr. 55908, kr. 950.00, til KRON, dagsettur 22. október 1968. Greiðsla fyrir vörur í verzlun Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis við Skólavörðustíg.

6. N. Nr. 55910, kr. 980.00, til KRON, dagsettur 24. október 1968. Sama notkun og í 5. lið.

II.

Tékkar á hlaupareikning Sælgætis- og efnagerðarinnar Caró, nr. 7595 í Samvinnubankanum, gefnir út af ákærða með stimpli Sælgætis- og efnagerðarinnar Caró. Hlaupareikningi þessum var lokað 26. ágúst 1968.

1. H. Nr. 68869, kr. 800.00, til handhafa, dagsettur 9. janúar 1969. Greiðsla til Erlends Erlendssonar bifreiðarstjóra, Kleppsmýrarbletti 11 við Snekkjuvog, fyrir bifreiðarakstur og viðtakanda tjáð, að innstæða yrði næg daginn eftir afhendingu.

2. H. Nr. 68870, kr. 650.00, til Reykjavíkur Apóteks, dagsettur 31. janúar 1969. Greiðsla fyrir lyf í apótekinu.

III.

Verknaðir þeir, sem lýst er í liðum I 3, 5 og 6 og II 2, þykja varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en verknaður sá, sem lýst er í lið I 1, þykir varða við 261. gr. sömu laga.

Verknaðir þeir, sem lýst er í liðum I 2 og 4 og II 1, þykja aðallega varða við nefnda 248. gr., en til vara við nefnda 261. gr.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar“.

Mál þessi hafa verið sameinuð og rekin sem eitt mál.

Málavextir.

A. Með bréfi, dagsettu 6. júlí 1968, kærði Hafsteinn Baldvinsson hæstaréttarlögmaður yfir því, að ákærði hefði notað 10 tékka á viðskiptareikning 3943 við Útvegsbankann, án þess að innstæða hefði verið fyrir þeim og án þess að hann væri réttthafi að reikningnum.

Tékkarnir tíu, sem kærinni fylgja og allir eru gefnir út til Ólafs Þorvaldssonar á bók 3943 í Útvegsbankanum, eru að fjárhæð og dagsettir sem hér segir:

1. Kr. 13.365.00, dags. 9. október 1967.
2. — 9.720.00, — 10. október 1967.
3. — 7.175.00, — 12. október 1967.
4. — 3.345.00, — 12. október 1967.
5. — 9.960.00, — 31. október 1967.
6. — 4.860.00, — 31. október 1967.
7. — 7.020.00, — 31. október 1967.
8. — 6.314.00, — 12. nóvember 1967.
9. — 5.045.00, — 14. nóvember 1967.
10. — 13.905.00, — 20. nóvember 1967.

Samanlögð fjárhæð tékkanna er kr. 80.709.00.

Tékkarnir eru allir framseldir af viðtakanda, Ólafi Þorvaldssyni, Spítalastíg 7, hinn fyrsti einnig af Steinunni Guðleifsdóttur. Fyrsti tékkinn hefur verið sýndur í banka á útgáfudegi, 9. október 1967, og er áritaður um, að innstæða sé ekki næg.

Samkvæmt bréfi Útvegsbanka Íslands var reikningur 3943 opnaður af Steindóri Jónssyni, Baldursgötu 12, hinn 18. nóvember 1960, en reikningurinn var tæmdur að fullu 29. nóvember 1961. Tékkhefti með eyðublöðum þeim, sem framangreindir tékkar eru skráðir á (M 2207 — M 2214, M 2216 og M 2217) fékk Steindór afhent 21. nóvember 1961.

Viðtakandi tékkanna, Ólafur Bergsteinn Þorvaldsson sælgætisgerðarmaður, Spítalastíg 7, kveðst hafa fengið þessa tíu tékka sem greiðslu fyrir sælgæti, sem hann hafi selt ákærða. Afhending vörunnar hafi farið fram í mörgu lagi sumarið 1967 og hver afhending verið greidd með einum tékka. Ólafur segir, að tékkarnir hafi verið dagsettir fram í tímann, en innstæða hafi átt að vera til fyrir tékkunum á hinum skráðu útgáfudögum. Ákærði hafi ætlað að sjá um að leggja inn á reikninginn, en hann hafi látið í veðri vaka, að hann hefði þennan reikning. Kveðst Ólafur ekki hafa haft hugmynd um annað en að svo væri.

Vitnið Steindór Jónsson, nú til heimilis að Álafossi, segir, að

hann hafi starfað við sælgætisgerðina Hróa, sem ákærði hafi rekið. Steindór kveðst hafa notað reikninginn að mestu leyti í þágu sælgætisgerðarinnar. Steindór kveðst einn hafa mátt ávísa á reikninginn, en ákærði hafi átt verulegan þátt í notkun hans, lagt inn á hann eða látið leggja inn á hann og mælt fyrir um greiðslur, sem inntar skyldu af hendi af reikningnum. Þegar Steindór hætti störfum hjá sælgætisgerðinni, kveðst hann hafa hætt að nota reikninginn og tæmt hann, en áðurnefnd eyðublöð muni hafa orðið eftir hjá ákærða. Steindór kveðst þó engan þátt hafa átt í notkun þeirra 10 tékka, sem þessi þáttur málsins snýst um.

Ákærði kveðst hafa gefið umrædda tékka út. Hann kveðst hafa keypt sælgæti af Ólafi Bergsteini Þorvaldssyni og látið hann hafa tékkana. Þeir hafi átt að vera til tryggingar á greiðslu sælgætisins. Þeir hafi verið afhentir Ólafi í tvennu eða þrennu lagi síðla sumars 1967. Hafi verið gert ráð fyrir, að þegar ákærði væri búinn að selja vörurnar, gerði hann upp við Ólaf með greiðslu í peningum eða vöruvíxlum og yrðu tékkarnir þá afhentir ákærða aftur. Ólafur hafi ekki átt að sýna tékkana í banka. Ákærði kveðst ekki hafa gert Ólafi það ljóst, að ákærði var ekki rétthafi að reikningi 3943. Hann kveðst hafa af tilviljun rekizt á tékkheftið og ekki athugað annað en að hann hefði sjálfur rétt til að ávísa á reikninginn.

Ólafur Bergsteinn Þorvaldsson mótmælir eindregið þeim framburði ákærða, að tékkana hafi ekki átt að sýna í banka. Það hafi beinlínis verið gert ráð fyrir, að þeir yrðu sýndir á hinum tilgreindu útgáfudögum.

B. I. Ákærði hafði reikning í Samvinnubankanum með númeri 32263. Þessum reikningi var lokað 13. maí 1968.

1. Á árinu 1968, sennilega í september, keypti ákærði snyrtivörur af Konráði Davíð Jóhannessyni framkvæmdastjóra, Barónsstíg 55, og greiddi vörurnar með tékka að fjárhæð kr. 3.000.00, útgefnum á reikning 32263, dags. 15. nóvember 1968. Var viðtakanda ljóst, að tékkinn var dagsettur fram í tímann og að innstæða var ekki fyrir honum við afhendingu. Hann segir, að svo hafi verið um talað, að innstæða yrði fyrir tékkanum á hinum tilgreinda útgáfudegi. Ákærði segir, að gert hafi verið ráð fyrir, að tékkann mætti sýna á hinum tilgreinda útgáfudegi, en viðskiptin hefðu ekki verið gerð upp með öðrum hætti fyrr. Hann heldur því fram, að Konráð hafi þó átt að hafa samband við sig, áður en hann sýndi tékkann, en því neitar Konráð.

2. Ákærði átti viðskipti við Jóhann Kristin Björnsson sælgætisgerðarmann, Linnetsstíg 9 A, Hafnarfirði. Með tékka á reikning 32263 að fjárhæð kr. 2.960.00, útgefnum 17. október 1968, greiddi ákærði Jóhanni sælgæti, sem hann keypti af honum. Ákærði hefur haldið því fram, að tékki þessi hafi verið dagsettur um $\frac{1}{2}$ mánuð fram í tímann með vitund og samþykki viðtakanda. Hafi verið gert ráð fyrir, að sýna mætti tékkann á skráðum útgáfudegi, þó svo, að áður skyldi Jóhann Kristinn hafa samband við ákærða. Þetta kveður Jóhann Kristinn rangt. Tékkinn hafi verið staðgreiðsla. Hefur Jóhann sýnt frumbók með afriti af reikningi þeim, sem hann kveður ákærða hafa greitt með tékkanum. Er hann dagsettur 16. október 1968 og er að fjárhæð kr. 5.960.00. Segir Jóhann Kristinn, að 3.000 kr. hafi ákærði greitt í peningum, en afganginn með tékkanum. Hafi hann haft við orð, að tékkann mætti nota næsta dag. Jóhann Kristinn segir, að ákærði hafi viljað fá að greiða vörurnar með víxlum, en hann hafi ekki samþykkt gjaldfrest.

3. Fyrir tékka, kr. 450.00, sem ákærði gaf út á reikninginn 32263 í Samvinnubankanum 19. október 1968, lét ákærði kaupa lyf fyrir sig í Lyfjabúðinni Iðunni.

4. Ákærði notaði tékka að fjárhæð kr. 3.375.00, dags. 21. október 1968, til þess að greiða sælgæti, sem Jóhann Kristinn Björnsson (sbr. 2 hér að ofan) seldi honum. Um þennan tékka ber ákærða og Jóhanni ekki saman fremur en um notkun fyrrnefnds tékka. Heldur ákærði því fram, að tékkinn hafi verið dags. um það bil $\frac{1}{2}$ mánuð fram í tímann, en Jóhann kveður hafa verið um staðgreiðslu að ræða. Frumbók Jóhanns Kristins sýnir afrit af reikningi að fjárhæð kr. 3.375.00, dags. 21. október, og segir Jóhann þennan reikning hafa verið greiddan með tékkanum. Ákærði hafi haft við orð, að tékkann mætti nota næsta dag.

5. Fyrir tékka að fjárhæð kr. 950.00 og kr. 980.00, útgefna á reikning 32263 22. október og 24. október 1968, keypti ákærði vörur í verzlun Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis.

II. Ákærði hafði enn fremur hlaupareikning nr. 7595 í Samvinnubankanum, en þeim reikningi var einnig lokað 13. maí 1968. Á þennan reikning gaf ákærði út tvo tékka og notaði í janúar s.l.

1. Tékki, kr. 800.00, útgefinn 9. janúar. Með tékka þessum kveðst ákærði hafa gert upp einhver gömul viðskipti við Erlend Jónsson Erlendsson bifreiðarstjóra, Kóngsbakka 6.

Erlendur skýrir hins vegar svo frá, að hann hafi ekið ákærða og þegar til hafi komið, hafi ákærði ekki átt fyrir ökugjaldinu, sem numið hafi rúmum 1.000 kr. Kveðst Erlendur hafa tekið sem greiðslu á ökugjaldinu nokkuð af sælgæti og þennan tékka. Tékkinn hafi verið dagsettur tvo daga fram í tímann og hafi ákærði beðið um, að tékkinn yrði ekki sýndur fyrr en á skráðum útgáfudegi.

2. Fyrir tékka að fjárhæð kr. 650.00, dags. 31. janúar, voru lyf keypt fyrir ákærða í Reykjavíkur Apóteki.

Fram hefur komið, að ákærði hefur greitt að fullu tékka þá, sem taldir eru undir liðum I. 3, I. 5, I. 6 og II. 2 hér að ofan.

Í málinu hefur einungis Ólafur Bergsteinn Þorvaldsson haft uppi fjárkröfu á hendur ákærða, en hann krefst þess, að ákærði verði dæmdur til greiðslu fjárhæðar tékka þeirra, er ákæra 14. október lýtur að, samtals kr. 80.709.00.

Niðurstöður.

A. Ákærði greiddi vörur með tékkum á reikning 3943 í Útvegsbankanum. Viðtakandi vissi að vísu, að innstæða var ekki til fyrir tékkunum við viðtöku. Hins vegar verður að telja, að hann hafi mátt gera ráð fyrir því, að innstæða yrði fyrir tékkunum á þeim dögum, er tilgreindir voru sem útgáfudagar. Slíkt kom þó ekki til greina, þar sem hér var um að ræða reikning, sem ákærði mátti ekki ávísá á. Telja verður, að Ólafur hafi tekið við tékkunum sem greiðslu í trausti þess, að um væri að ræða reikning, sem ákærði hefði í Útvegsbankanum, og að á þeim forsendum hafi hann látið vöruna af hendi. Þannig þykir ákærði með notkun umræddra 10 tékka hafa brotið gegn 248. gr. almennra hegningarlaga með því að hagnýta sér ranga hugmynd Ólafs Bergsteins um rétt ákærða til að ávísá á reikning 3943.

B. Ákærði notaði 6 tékka á reikning 32263 í Samvinnubankanum í september og október 1968 og tvo tékka á hlaupareikning 7595 í sama banka í janúar 1969. Sumir af viðtakendum vissu að vísu, að ekki var innstæða fyrir tékkunum við viðtöku. Hins vegar verður að telja, að allir viðtakendur hafi tekið við tékkunum og látið á móti verðmæti í trausti þess, að ákærði hefði umrædda reikninga, gæti ávísáð á þá og lagt inn á þá.

Báðum reikningunum hafði hins vegar verið lokað, löngu áður en ákærði notaði tékkana. Um það hefur öllum viðtakendum verið ókunnugt. Þannig verður að telja, að ákærði hafi aflað sér verðmæta með sviksamlegum hætti með notkun þessara 8 tékka.

Verður ákærða refsað samkvæmt 248. gr. hegningarlaga fyrir notkun þeirra tékka, sem taldir eru í ákæru 31. marz, nema samkvæmt 261. gr. fyrir notkun tékkans í ákærulið I 1, svo sem krafizt er í ákæru.

Ákærði hefur sætt refsídómum, svo sem hér skal rakið:

1941 4/2 300 kr. sekt fyrir húsaleigulagabrot. Hæstaréttardómur í sama máli 6. október 1941: 800 kr. sekt.

1944 1/11 2 ára fangelsi fyrir brot gegn 248., 249., 262. og 250. gr. hegningarlaga, bókhaldslögum og gjaldþrotaskiptalögum. Hæstaréttardómur í sama máli 19. júní 1947: 2 ára og 8 mánaða fangelsi.

1963 16/12 10.000 kr. sekt fyrir brot gegn 261. gr. hegningarlaga.

Ákærði hefur 10 sinnum sætt á greiðslu sekta, m. a. fyrir brot gegn 261. gr. hegningarlaga (8.500 kr. sekt 19. júlí 1957).

Refsing ákærða verður með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga ákveðin fangelsi 6 mánuði.

Taka ber til greina að öllu leyti kröfu Ólafs Bergsteins Þorvaldssonar.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kr. 5.000.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Högna Jónssonar héraðsdómslögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Holberg Þórðarson, sæti fangelsi 6 mánuði.

Ákærði greiði Ólafi Bergsteini Þorvaldssyni kr. 80.709.00.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Högna Jónssonar héraðsdómslögmanns, kr. 5.000.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.